

beri fullkomin sölulaun vegna hússölunnar. En hins vegar verður að telja, samkvæmt því, sem á undan var gengið, að stefnandi hafi ekki að ástæðulausu talið sig enn hafa heimild frá stefndum til að vinna að hússölnni gegn þóknun, ef vel tækist, enda þótt hann hafi ekki haft fullnaðarumboð til að ganga frá sölu, og eigi stefnandi því rétt til greiðslu fyrir ómak sitt. Þykir hún eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin kr. 120.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsudags. Í málskostnað ber stefndum að greiða stefnanda kr. 60.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Stefán Jóhannsson, greiði stefnandanum, Jóni Magnússyni, kr. 120.00 með 5% ársvöxtum frá 15. september 1939 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. marz 1941.

Nr. 18/1941. **Réttvísinn** (cand. jur. Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn

Eggert Halldóri Þorbjarnarsyni, Ásgeiri Péturssyni (Pétur Magnússon),
Hallgrími Balda Hallgrímssyni, Eðvarð Kristni Sigurðssyni, Haraldi Bjarnasyni, Helga Guðlaugssyni, Guðbrandi Guðmundssyni, Guðmundi Björnssyni, Einari Baldvin Olgeirssyni og Sigfúsi Annesi Sigurhjartarsyni (cand. jur. Egill Sigurgeirsson).

Brot, er varða við 88. gr. hegningarlaganna.

Dómur hæstaréttar.

Þegar brezkur her steig á landi á Íslandi þann 10. maí síðastliðið ár, var lýst yfir því af hálfu brezka ríkisins, að ekki mundi verða hlutast til um stjórn landsins af hálfu Breta um fram það, sem nauðsyn bæri til vegna hernámsins. Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu var það ljóst, að hætta á afskiptum erlends valds af íslenskum málefnum jókst mjög vegna hernámsins. Og var af þeim sökum þá þegar og oft

síðar af opinberri hálfu brýnt fyrir íslenskum þegnum að gæta allrar varúðar í umgengni við hernámsliðið, svo að Íslendingar veittu engin efni til frekari ihlutunar þess um íslensk mál. Takmarkið með útgáfu dreifibréfsins og útbýtingu þess meðal brezkra hermanna var það að afstýra því, að hermennirnir ynnu þau verk í þarfir herliðsins, er íslenskir verkamenn höfðu áður innt af hendi. Til þess að ná þessu markmiði er í dreifibréfinu skorað á brezku hermennina að neita allir sem einn (refuse in a body) að hlýða skipunum yfirmanna sinna um framkvæmd slíkra verka. Upphafsmenn dreifibréfsins gáfu það út fjölritað og nafnlaust og reyndu að dylja eftir mætti, hvar það var vélritað og fjölritað og með hvaða tækjum, og kveðast hinir ákærðu Eggert Halldór og Hallgrímur Baldi, sem lengi þrættu fyrir verknað sinn, hafa gert það til þess að torvelða rannsókn á uppruna bréfsins, með því að þeir hafi talið, að „setuliðsstjórnin mundi taka miðann illa upp og mundi reyna að komast fyrir, hverir væru höfundar hans og jafnvel beita fangelsunum í sambandi við það, eins og raun varð á.“ Þeim hefur því verið ljóst, eins og hverjum manni hlaut að vera, að verknaður þeirra gæti leitt til þess, að brezku heryfirvöldin tækju fastan ótiltekinn fjölda manna, þar á meðal saklausa menn, meðan verið væri að rannsaka málið. Einnig hlaut þeim að vera ljóst, að skapazt gæti agaleysi í hernum, ef einhverir hermanna yrðu við áskorun þeirra um óhlýðni við yfirmenn sína. En agalaus her í landinu stofnar bæði einkahagsmunum og opinberum í brýna hættu. Þá var og mikil hætta á ihlutun heryfirvaldanna um íslensk málefni og óþægilegum takmörkunum þeirra á athafnafrelsi almennings, einkanlega ef ekki hefði náðst til upphafsmanna dreifibréfsins. Verknaður hinna ákærðu Eggerts Halldórs og Hallgríms Balda varðar því við 88. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi, auk réttinda sviptingar svo sem í héraðsdómi segir.

Þá hafa hinir ákærðu Eðvarð Kristinn og Ásgeir, sem vissu um efni bréfsins og áttu þann þátt í dreifingu þess,

sem lýst er í héraðsdóminum, bakað sér með því refsingu samkvæmt nefndri 88 gr. hegningarlaganna, og er refsing þeirra hæfilega ákvæðin í héraðsdómi, en ekki er næg ástæða til þess að svipta þá réttindum samkvæmt 68. gr. sömu laga.

Með skirskotun til forsendna héraðsdómsins má staðfesta ákvæði hans um refsingu hinna ákærðu Einars Baldvins og Sigfúsar Annesar, svo og ákvæði hans um sýknu hinna ákærðu Haralds, Helga, Guðbrands og Guðmundar.

Ákvæði héraðsdómsins um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærðu Eggert Halldór og Ásgeir greiði in solidum skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti málf lutningslaun, kr. 150.00. Ákærðu Hallgrímur Baldi, Eðvarð Kristinn, Einar Baldvin og Sigfús Annes greiði in solidum skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti málf lutningslaun, kr. 200.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málf lutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 250.00, greiði hinir dómfelldu allir in solidum.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að fangelsisvist ákærðu Eggerts Halldórs Þorbjarnarsonar og Hallgríms Balda Hallgrímssonar hvors um sig sé 15 mánuðir og niður falli ákvæði um réttindasviptingu ákærða Eðvarðs Kristins Sigurðssonar og Ásgeirs Péturssonar.

Ákærðu Eggert Halldór og Ásgeir greiði in solidum skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti, Pétri Magnússyni hæstaréttarmálf lutningsmanni, málf lutningslaun, kr. 150.00. Ákærðu Hallgrímur Baldi, Eðvarð Kristinn, Einar Baldvin Olgeirsson og Sigfús Annes Sigurhjartarson greiði in solidum skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti, Agli Sigurgeirssyni cand. jur., málf lutningslaun, kr. 200.00. Allan annan áfrýjunar-

kostnað sakarinnar, þar á meðal málflytningu skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, Sigurgeirs Sigurjónssonar cand. jur., kr. 250.00, greiði hinir dómfelldu allir in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 15. febr. 1941.

Ár 1941, laugardaginn 15. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 299—308/1941: Réttvisin gegn Eggert Halldóri Þorbjarnarsyni, Hallgrími Balda Hallgrímssyn, Eðvarð Kristni Sigurðssyni, Ásgeir Péturssyni, Haraldí Bjarnasyni, Helga Guðlaugssyni, Guðbrandi Guðmundssyni, Guðmundi Björnssyni, Einari Baldvin Olgeirssyni og Sigfúsi Annesi Sigurhjärtarsyni, er tekið var til dóms 10. s. m.

Mál þetta er, samkvæmt skipun dómsmálaráðherra, af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Eggert Halldóri Þorbjarnarsyni múrara, Bergstaðastræti 30, Hallgrími Balda Hallgrímssyni verkamanni, Auðarstræti 9, Eðvarð Kristni Sigurðssyni verkamanni, Litlu-Brekku á Grímsstaðaholti, Ásgeiri Péturssyni verkamanni, Leifsgötu 3, Haraldí Bjarnasyni verkamanni, Bragagötu 38, Helga Guðlaugssyni verkamanni, Laugaveg 55, Guðbrandi Guðmundssyni verkamanni, Bergþórugötu 15 A, öllum gæzluföngum í hegningarhúsinu, og Guðmundi Björnssyni veggfóðrara, Njálsgötu 98, fyrir brot gegn 10. kafla hegningarlaga nr. 19/1940, og gegn Einari Baldvin Olgeirssyni ritstjóra, Njálsgötu 85, og Sigfúsi Annesi Sigurhjärtarsyni ritstjóra, Miðstræti 6, fyrir brot gegn 2. mgr. 121 gr. sbr. 10. kafla hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna og eru fæddir sem hér segir: Eggert Halldór 26. sept. 1911, Hallgrímur Baldi 10. nóvember 1909, Eðvarð Kristinn 18. júlí 1910, Ásgeir 15. febrúar 1906, Haraldur 1. júní 1908, Helgi 20. marz 1906, Guðbrandur 7. sept. 1892, Guðmundur 5. apríl 1904, Einar Baldvin 14. ágúst 1902, Sigfús Annes 6. febrúar 1902.

Ákærðir Eðvarð Kristinn, Haraldur, Guðbrandur og Sigfús Annes hafa, svo vitað sé, hvorki sætt ákæru né refsingu í opinberu máli.

Hinn 31. ágúst 1926 sætti ákærður Eggert Halldór í lögreglurétti Ísafjarðar 8 króna sekt fyrir brot gegn 4. gr. lögreglusamþykktar Ísafjarðar.

Hinn 9. september 1939 sætti ákærður Hallgrímur Baldi í lögreglurétti Reykjavíkur 10 króna sekt fyrir brot á umferðareglum.

Hinn 19. ágúst 1939 sætti ákærður Ásgeir í lögreglurétti Reykjavíkur 100 króna sekt fyrir tolllagabrot.

Hinn 22. júní 1938 var ákærður Helgi í aukarétti Reykjavíkur dæmdur í 1 árs betrunarhúsvinnu, skilorðsbundið, fyrir brot á 271 gr. sbr. 48. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Hinn 20. júní 1926 sætti ákærður Guðmundur í lögreglurétti Reykjavíkur 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærður Einar Baldvin hefur sætt þessum dómum og áminningu: 1935 ²/₆ Dómur hæstaréttar, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi fyrir brot gegn 101., 102. og 113. gr. sbr. 52. gr. almennra hegningarlaga og 1. sbr. 96. gr. lögreglusam-
þykktar Reykjavíkur.

1935 ¹/₇ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 75 króna sekt fyrir brot gegn 83. gr. 4. mgr. almennra hegningarlaga.

1940 ²/₈ Áminning í lögreglurétti Reykjavíkur fyrir brot gegn lög-
um nr. 9 1940 og auglýsingu nr. 196 1939.

Að öðru leyti en nú hefur verið talið hafa ákærðu ekki, svo kunnugt sé, sætt ákærum eða refsingum.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Að kvöldi 5 f. m. handtóku brezkir setuliðsmenn ákærðu Harald Þjarnason og Helga Guðlaugsson, er þeir voru að dreifa fjölrituðum flugmiða þeim, er mál þetta er af risið, meðal setuliðsmanna í her-
búðunum við Stúdentagarðinn. Setuliðsyfirvöldin tóku þegar að rannsaka, hvaðan miðinn væri upprunninn, og handtóku í því sam-
bandi þann 6. f. m. ákærðu Eðvarð Kristinn Sigurðsson og Eggert Halldór Þorbjarnarson og þann 8. f. m. ákærðan Guðbrand Guð-
mundsson. Setuliðsyfirvöldin héldu áfram rannsókn málsins, þar til þann 10. f. m., að þau fengu íslenskum yfirvöldum fanga þessa í hendur, og hófst þann 11. f. m. rannsókn máls þessa fyrir lög-
reglurétti Reykjavíkur.

Dreifimiði sá, er mál þetta fjallar um, er á enskri tungu og ber yfirskriftina: „Information about the strike“, og er hann í íslenskri þýðingu svo hljóðandi:

·*Upplýsingar um verkfallið.*

Brezkir hermenn. Hjá helztu verkalýðsfélögum á Íslandi er nú verkfall. Þau eru Iðja, félag verksmiðjufólks, félag múrara, og Dags-
brún, hið stærsta af öllum verkalýðsfélögum okkar. Til þess svarar í yðar landi Transport & General Workers, þar sem Mr Bevin er fremsti maður.

Við höfnina, í verksmiðjunum og á brezku herstöðvunum er verk-
fallið algert (100%). Við erum neyddir til þess að gera verkfall, því að það er eina leiðin fyrir okkur til þess að varna því, að ís-
lenzkir vinnuveitendur þrengi að lífskjörum okkar í því skyni að auka sinn eigin hagnað. Vinnuveitendur þessir þverskallast við rétt-
mætum kröfum okkar, vegna þess að þeir vona, að brezka herstjórnin muni beita hermönnum til þess að brjóta verkfallið. Því er það, að

hinir berzku hermenn verða að fá að vita, um hvað er að ræða í þessu verkfalli.

Um hvað verkfallið stendur. Síðan brezka herliðið settist hér að, hafa vinnulaun á Íslandi verið ákveðin með bráðabirgðalögum eftir því, sem goldið var í apríl 1938, að viðbættum þrem fjórðu þeirrar verðhækkunar, sem síðan hefur orðið, og ákveðinn var tíu stunda vinnudagur. Lög þessi féllu úr gildi 31. desember 1940. Verkalýðs-félögunum og vinnuveitendasambandinu hefur ekki tekizt að koma sér saman um nýjan kauptaxta og vinnutíma. Síðan ófriðurinn hófst, er áætlað, að verðhækkun hafi numið 60%. Kjötverð hefur hækkað um 67%, mjólkurverð um 50%, fiskverð um 150%. Við förum fram á, að reglulegur vinnutími á Íslandi verði stytur úr tíu stundum í níu, því að það er óréttlátt, að maður skuli verða að vinna í tíu stundir, áður en talið sé, að hann vinni eftirvinnu. Við förum fram á, að vinnulaun séu ákveðin í ströngu samræmi við verðlag, og að nettó kauptaxti óbreytts verkamanns verði 1/9 um tímann í staðinn fyrir 1/5. Í heimalandi yðar, þar sem verðlag er ekki eins hátt og hér, fær nú verkamaður í ríkisvinnu 2/— og þar yfir um tímann.

Það er islenzkum vinnuveitendum auðvelt að verða við kröfum okkar, því að þeir hagnast nú um miljónir á styrjöld þeirri, sem nú er háð. Til dæmis er það, að hin stóru togarafélög á Íslandi, sem harðvítugasta mótstöðu veita kröfum verkamanna, hafa hagnast um 1½ miljón punda síðastliðið ár, að miklu leyti á brezkum markaði. *Ólafur Thors atvinnumálaráðherra er aðalhluthafinn í hinu stærsta þessara félaga.*

Við getum ekki lengur þolað þann ránskap, að í hvert sinn sem verðlag hækkar, þá hækki kaupgjaldið aðeins að nokkrum hluta, en mismuninum sé fleytt í vasa islenzkra auðkýfinga.

Við heyjum sömu orrustuna og þið. Ykkur mun verða sagt, að verkfallinu sé beint gegn hernaðarátaki Breta. Ef þið lesið þenna miða gaumgæfilega, munuð þið komast að raun um, að þetta er ekki satt. Verkfallinu er beint gegn stríðsgróðamönnum á Íslandi, sem nota vilja ófriðinn, og ef verða mætti, brezku hermennina, til þess að þvinga niður kaupgjald verkalýðs okkar. *Það eru þessir sömu ránsgróðamenn, sem féfletta brezku hermennina og heimta ósvífið verð fyrir það, sem þeir kaupa.*

Þess sjást þegar merki, að þið munið verða notaðir til þess að brjóta verkfallið. Brezka herstjórnin hefur hótad að leyfa ekki verkfallsmönnum að hverfa aftur til vinnu. Hermönnum hefur verið skipað að dreifa fyrir oddum byssustingjanna flokki verkamanna, sem voru við friðsamlega varðgæzlu. Ef verkfallinu heldur áfram, verður sennilega lagt fyrir ykkur að vinna verk, sem verkfallsmenn unnu áður.

Sá maður, sem tekst á hendur starf samverkamanns, er gert hefur verkfall, er einn hinna auðvirðilegustu mannkinda. Hann er

(það, sem kallað er á ensku) scab, blackleg. Margir ykkar eru í verkalýðsfélögum. Þið komið frá því landi, sem er heimkynni verkalýðsfélagsskaparins. *Það kemur ekki til mála, að þið niðist sem verkfallsbrjótar á stallbræðrum ykkar í verkalýðsfélagunum á Íslandi.*

Hvað þið getið gert. Ef fyrir ykkur er lagt að vinna verk á herstöðvunum eða við höfnina, sem þið hyggið, að íslenzkir verkamenn hafi áður unnið, eða ef ykkur er skipað að hafa nokkur afskipti af verkfallsmönnum, þá neitið allir sem einn. Sendið undirforingja ykkar til þess að tjá yfirmönnum ykkar, að þið lítið ekki á slík afskipti sem heyrandi undir skyldur ykkar sem hermanna. Bendið á það, að þið séuð í hernum til þess að berjast gegn fascismanum, ekki til þess að berjast gegn íslenzku þjóðinni, sem er að gera nákvæmlega það, sem þið hefðuð gert, ef eins hefði á staðið.

Hermenn, ef þið standið stöðugir, er sigur okkar öruggur, og þið eignist vináttu og þakklæti þjóðar okkar. Talið einarðlega við yfirmenn ykkar. Talið einarðlega frammi fyrir Ólafi Thors og fégráðugum vinum hans:

„Við erum hermenn, ekki verkfallsbrjótar!“

Skal nú rakið, hvað sannast hefur í rannsókn málsins um tilorðningu og dreifingu miðans.

Á s. l. áramótum hóf verkamannafélagið „Dagsbrún“ hér í bænum verkfall, er náði til vinnu bæði hjá íslenzkum vinnuveitendum og hinu brezka setuliði hér í bænum. Ákærðir Eðvarð og Eggert, sem báðir eru í verkamannafélaginu „Dagsbrún“, ræddu sín á milli í upphafi verkfallsins um, hvað gera bæri, til þess að verkfallsmenn fengju kröfum sínum framgengt. Eitt af því, er þeim kom saman um að gera bæri, var að stjórn nefnds verkamannafélags gæfi út dreifibréf til hermanna í brezka setuliðinu hér í bænum, er skýrði þeim frá staðreyndum verkfallsins.

Föstudaginn 3. f. m. gengu þeir því á fund fjögurra stjórnarmanna nefnds verkamannafélags og fóru fram á, að félagsstjórnin sem slík gæfi út þenna dreifimiða. Stjórnarmennirnir voru þessu andvígir og synjuðu útgáfu miðans. Er þetta hafði gerzt, hugsaði ákærður Eggert þetta mál nánar og komst að þeirri niðurstöðu, að einn liðurinn í því, að verkfallsmenn ynnu sem skjótastan sigur í verkfallinu, væri, að dreifimiðinn til setuliðsmanna yrði gefinn út, þrátt fyrir synjun Dagsbrúnarstjórnarmanna. Kveðst ákærður Eggert hafa rætt annað hvort á föstudegi eða laugardegi, 3. eða 4. f. m., við ákærðan Eðvarð um útgáfu miðans í því formi og að því efni, er raun varð á, en Eðvarð hafi verið í miklum vafa um, hvort útgáfa slíks miða væri rétt, og skildist Eggert hann frekast vera andvígur henni. Þessa samtals kveðst Eðvarð ekki minnst, þ. e. a. s., að Eggert hafi rætt um miðann þannig að efni, er raun varð á. Hins vegar minnst hann samtals um útgáfu dreifimiða til setu-

liðsins eftir synjun Dagsbrúnarstjórnarmanna, og tóku, auk hans, þátt í því samtali ákærðir Eggert og Hallgrímur.

Föstudagskvöldið 3. f. m. ákvað svo ákærður Eggert útgáfu miðans þannig að efni og formi, er raun varð á. Áður en hann samdi uppkast að honum, ræddi hann við ákærðan Hallgrím um hugmynd sína og áform um útgáfu miðans, og var Hallgrímur hönum fyllilega sammála um útgáfu miðans, efni hans og form. Eggert útskýrði fyrir Hallgrími, hvernig hann hugsaði sér miðann, en ekki átti Hallgrímur frumkvæði að neinum hluta efnis hans. Laugardaginn 4. f. m. ritaði Eggert íslenzkt uppkast að miðanum heima hjá sér og var einn við það. Þegar hann hafði lokið uppkastinu, ræddi hann við Hallgrím, og tók Hallgrímur að sér að sjá um þýðingu uppkastsins á enska tungu. Sunnudagsmorguninn 5. f. m. þýddi hann uppkastið á enska tungu og kveðst hafa unnið það verk einn, að öðru leyti en því, að stúlka ein hér í bænum, er dvalið hafi meðal enskumælandi þjóða, hafi hjálpað sér við þýðingu einstakra orða og orðatiltækja, en ekki hafi hún vitað, að um flugmiða var að ræða, er dreifa ætti meðal setuliðsmanna. Hefur ákærður Hallgrímur staðfastlega neitað að segja, hver stúlka þessi sé, og hefur það ekki orðið upplýst. Eftir hádegi sama dag hittust ákærðir Eggert og Hallgrímur á skrifstofu Sósíalistafélags Reykjavíkur í Lækjargötu 6. Sú skrifstofa er á annarri hæð hússins og er mjög lítil, en úr henni liggja dyr inn í stærri stofu, er Æskulýðsfylkingin hefur til afnota, en úr þeirri stofu liggja einnig dyr út á ganginn. Hallgrímur hafði meðferðis þýðingu miðans á ensku, og ákváðu þeir nú að hjálpast að við útgáfu hans. Eggert fékk lánaða ritvél hjá félaginu „Íðju“, og þar sem hann er alvanur fjölritun, undirbjó hann fjölritun miðans, en síðan hjálpuðust hann og Hallgrímur að við sjálfa fjölritunina, og höfðu þeir lokið því verki um kl. 7½ s. d. Við fjölritunina notuðu þeir fjölritunartæki, er Eggert hafði undir höndum. Af miðanum fjölrituðu þeir um 400 eintök. Jafnóðum og nokkuð hafði safnast fyrir af fjölrituðum miðum hjá þeim, rétti Hallgrímur þá inn á skrifstofu Æskulýðsfylkingarinnar, en þar voru menn fyrir, er undirbjuggu miðana til útburðar. Að fjölrituninni lokinni fóru ákærðir Eggert og Hallgrímur heim til sín, og tók Hallgrímur með sér uppköst miðans, bæði hið íslenska og enska, og fjölritunarstenslana og brenndi því öllu. Eggert flutti þegar ritvélinu og fjölritunartækið í hús eitt hér í bænum. Gerðu hann og Hallgrímur þetta og fleira til að gera erfiðara fyrir að hafa upp á höfundum miðans. Í þessu skyni gátu þeir einskis útgefanda eða ábyrgðarmanna á miðanum. Í dreifingu miðans tóku þeir ekki þátt, og var vinnu þeirra við útgáfu miðans lokið, er þeir höfðu fjölritað hann.

Eftir hádegi á sunnudaginn kom ákærður Eðvarð á skrifstofu Sósíalistafélags Reykjavíkur og hitti þar fyrir ákærða Eggert, sem

kveðst þá ætla að fara að fjölríta fregnmiða um verkfallið til brezka setuliðsins. Það Eggert Eðvarð að útvega menn til að bera miðann út, og í lok fundar í Sósíalistafélagi Reykjavíkur um kl. 6 s. d. þennan dag, boðaði Eðvarð nokkra menn á skrifstofuna í Lækjargötu 6, en eigi er sannað, eins og áður er dregið á, að honum hafi þá verið kunnugt efni miðans að fullu. Þessir menn og aðrir, er af hendingu komu á skrifstofuna í Lækjargötu 6, meðan á fjölrítun miðans stóð, unnu síðan, a. m. k. sumir, að undirbúningi dreifingar miðans og sjálfri dreifingunni.

Skulú nú í þessu sambandi raktir þeir þættir, er aðrir ákærðir en Eggert og Hallgrímur eiga í máli þessu.

Auk þess að ákærður Eðvarð Kristinn Sigurðsson boðaði menn á skrifstofuna í Lækjargötu 6 til að taka þátt í dreifingu miðans, og áður er frá skýrt, er sannað, að hann fór sjálfur eftir fundinn í Sósíalistafélaginu á skrifstofuna í Lækjargötu 6 og sá þar upplag miðans, og voru þá sumir, er fyrir voru á skrifstofunni, að brjóta miðana saman til útburðar. Þarna heyrði Eðvarð frá því skýrt, að í miðanum væri frásögn um, hvernig verkfallið gengi, og um hvað deilt væri, og einnig væri í honum beinn áróður til hermanna um að gerast ekki verkfallsbrjótar, en við nánari umhugsun kveðst hann skilja, að það þýði, að hermennirnir ynnu ekki þau störf, er verkamenn unnu fyrir verkfallið, þó að þeim væri skipað það. Um leið og Eðvarð fékk þessa vitneskju um efni miðans, eða rétt eftir að það gerðist, tók hann sem sjálfboðaliði að hjálpa til að brjóta miðana saman, setja þá í búnt og skrifa utan á þau á lausa miða, hvar ætti að dreifa þeim miðum, er í þeim væru. Þeir stáðir, er hann ritaði á lausu miðana, voru: Kaffistofurnar í Hafnarstræti og göturnar Austurstræti og Vonarstræti, aðallega við K. R. húsið, en þar er hermannaþekking. Ákærður Eðvarð dreifði ekki miðanum, og er eigi sannaður annar þáttur hans í máli þessu en nú hefur verið talinn. Nokkuð af tímanum 4—7½ s. d. umræddan sunnudag var Ásgeir Pétursson á skrifstofunni í Lækjargötu 6. Hann skilur nokkuð í enskri tungu og las miðann, og var því kunnugt efni hans að mestu. Hefur hann sérstaklega játað, að sér hafi verið ljós sá kaflí miðans, er hvetur hermennina alla sem einn til að neita að vinna þau verk á herstöðvunum eða við höfnina, sem þeir hygði íslenska verkamenn hafa unnið fyrir verkfallið, og að hafa nokkur afskipti af verkfallsmönnum. Vitandi um efni miðans vann hann á skrifstofunni að leiðréttingu villu í honum og talning í búnt til dreifingar. Um kl. 7½ fór hann út með 50 eintök miðans og dreifði þeim til hermanna í Hafnarstræti og tókst á 10 mínútum að dreifa 44 miðum, en þá taldi hann sér ekki óhætt að dreifa meiru. Taldi sig verða að hætta dreifingunni, þegar sá, er hann fyrst fékk miðann, hafði

lesið hann. Þeim 6 miðum, er honum tókst ekki að dreifa, brenndi hann. Segir hann mjög fáa menn hafa starfað að dreifingunni.

Ákærður Haraldur Bjarnason fór skömmu eftir lok fundarins í Sósíalistafélagi Reykjavíkur á skrifstofu Æskulýðsfylkingarinnar í Lækjargötu 6 og vissi þá ekki, að í ráði væri útgáfa miðans. Einhver, er fyrir var á skrifstofunni, er hann kom þangað, bað hann að aðstoða við dreifingu miðans, og gerði hann það. Dvaldi hann óslitið á skrifstofunni frá því hann kom þangað og þar til farið var út til dreifingarinnar, og vann þann tíma að undirbúningi miðans undir dreifingu. Er lagt var af stað til dreifingarinnar, fór hann með búnt að Verkamannaskýlinu við Tryggvagötu og hitti þar fyrir ákærðan Helga Guðlaugsson. Fékk hann Helga miðabúnt, og gengu þeir síðan saman suður Suðurgötu og suður á Grímsstaðaholt og hófu dreifingu í Suðurgötu til hermanna, er þar voru á ferli. Af Grímsstaðaholti héldu þeir að herbúðunum við Stúdentagarðinn og dreifðu þar miðum til hermanna, en voru þá handteknir, eins og að framan segir. Ákærður Haraldur hefur stúdentsmenntun og kann því nokkuð í ensku, en hann kveðst ekki hafa lesið annað af miðanum en fyrirsögnina og því vitað, að hann var um verkfallið. Hefur hann staðfastlega haldið við þann framburð sinn undir allri rannsókn málsins, að sér hafi verið ókunnugt efni miðans að öðru en fyrirsögninni. Hann hafi haft nóg að starfa við að búa miðann undir dreifingu og engan tíma hafa gefið sér til að lesa hann.

Ákærður Helgi Guðlaugsson var einn þeirra, er ákærður Eðvarð boðaði í Lækjargötu 6 eftir Sósíalistafélagsfundinn. Eftir fundinn fór Helgi á skrifstofu Æskulýðsfylkingarinnar og sá þar hinn fjölritaða miða og þóttist skilja, að dreifa ætti miðanum í bænum, en enginn sagði honum, að svo væri. Var honum sagt, að miðinn yrði ekki til fyrr en kl. 7½ s. d., og skyldi ákærður þá mæta við Verkamannaskýlið. Á skrifstofunni dvaldi Helgi ekki nema skamma stund. Á tilteknum tíma mætti hann við Verkamannaskýlið og hitti þar ákærðan Harald o. fl. og fór síðan með honum í dreififör þá, er lýst hefur verið.

Ákærður Helgi kveðst kunna mjög lítið í ensku, og ekki hafa lesið miðann og hafi sér verið ókunnugt um efni hans annað, en að hann væri um verkfallið.

Ákærður Guðbrandur Guðmundsson var einn þeirra, er ákærður Eðvarð boðaði í Lækjargötu 6, eftir Sósíalistafélagsfundinn. Hann fór á skrifstofu Æskulýðsfylkingarinnar eftir fundinn, og voru þar þá fyrir nokkrir menn, þar á meðal ákærðir Eðvarð, Ásgeir og Haraldur. Annað hvort Ásgeir eða Eðvarð, þó frekar Ásgeir, sagði honum að gefa ætti út dreifimiða til setuliðsins, og að miðarnir yrðu ekki til fyrr en kl. 7—7½ um kvöldið, og spurði, hvort á-

kærður Guðbrandur og aðrir viðstaddir. að sögn Guðbrands, gætu komið á skrifstofuna á þessum tíma til að dreifa miðunum, og eins mætti fá miðana niður við Verkamannaskýli til dreifingar. Við svo búiið fór Guðbrandur út úr skrifstofunni og hitti þá ákærðan Guðmund Björnsson úti fyrir Lækjargötu 6 eða á leiðinni út, og urðu þeir samferða upp í Austurbæ áleiðis heim til þeirra. Á leiðinni ræddu þeir um dreifimiðann, og sagði Guðbrandur Guðmundi, að gefa ætti miðann út. Guðmundur sagðist geta komið miðum til hermanna, og lofaði Guðbrandur þá að senda Guðmundi miða um kvöldið. Er þeir skildu, hélt Guðbrandur niður í bæ og síðan niður að höfn. Við Verkamannaskýlið hitti hann ákærða Harald og Ásgeir, og afhenti annar þeirra honum fáein eintök af miðanum. Síðar um kvöldið sendi hann ungan son sinn með nokkra miða til Guðmundar. Ekki er sannaður annar þáttur ákærðs Guðbrands í dreifingu miðans. Hann skilur ekki ensku og las því eigi miðann. Um efni hans var honum sagt, að það fjallaði um verkfallið, en ekki grennslaðist hann nánar um efni hans.

Þegar ákærður Guðmundur hafði fengið í hendur miða þá, er ákærður Guðbrandur sendi honum, kom hann einum þeirra í hendur brezkum hermanni. Hina miðana brenndi hann, er hann heyrði í útvarpinu, hvert efni miðans var. Hann kveðst hafa vitað, að í miðanum voru upplýsingar um verkfallið, en nánar hafi hann ekki vitað um efni hans, og sérstaklega aðspurður, hvort honum hafi eigi verið kunnugt, að í honum var hvatning til hermanna um að óhlýðnast yfirboðurum sínum, kveðst hann ekki hafa haft hugmynd um það. Segist og kunna mjög litið í enskri tungu.

Í margnefndum dreifimiða eru hermenn setuliðs þess, sem hér er, hvattir til þess að neita allir sem einn að hlýða skipunum um að vinna verk í herstöðvum eða við höfnina, er þeir hygðu, að íslenzkir verkamenn hefðu áður unnið, og að neita að hafa nokkur afskipti af verkfallsmönnum, þó að þeim væri skipað það. Síðan er hermönnum sagt að senda undirföngjána til yfirmanna sinna til að tjá þeim, að hermennirnir teldu nefnd verk ekki heyra undir skyldur sínar sem hermanna. Loks er hermönnum nánar bent á, hvað þeir skuli segja í þessu sambandi, og að þeir skuli tala einarðlega við yfirmenn sína.

Sá verknaður, að gefa þetta dreifibréf með fyrrgreindu innihaldi og dreifa því meðal hermanna, verður að teljast til þess fallinn, að valda hættu á því, að herstjórnin hæfist handa með þeim hætti, að hlutazt yrði til um íslenzk málefni, frekar en orðið er, af valdhöfum erlends ríkis. Var bersýnilega hætta á því, að herstjórnin tæki í sínar hendur lögreglu- og dómsvald yfir íslenzkum mönnum, sem grunaðir væru um að vera valdir að þessum verknaði, svo sem raun varð á, og jafnvel gerði viðtækari ráðstafanir, er gengju á valdsvið íslenzka ríkisins.

Útgáfa dreifibréfsins og dreifing þess til hermanna varðar því við 88. gr. hegningarlagna.

Ákærðu Einar Baldvin Olgeirsson og Sigfús Annes Sigurhjártarson eru báðir ritstjórar dagblaðsins Þjóðviljinn, sem gefið er út hér í bænum, og eru þeir ákærðir fyrir skrif um mál þetta, er birzt hafa nafnlaus í nefndu dagblaði. Í 4. tölublaði blaðsins, er út kom 7. f. m., er prentuð íslensk þýðing dreifimiðans, tekin úr dagblaðinu „Vísí“, og hafa ákærðir kannazt við, að þeim hafi orðið efni miðans kunnugt, þegar er þýðing hans hafði birzt í „Vísí“.

Í 16. tölublaði blaðsins, er kom út 21. f. m., birtist grein með yfirskriftinni: „Dreifibréfmálið“. Í greininni standa þessar klausur:

„Það, sem útgefandi þessa flugmiða hefur ráðizt í að gera, er því í fyrsta lagi verk, sem frá sjónarmiði verkalýðs í stéttabaráttu og sósíalísmans er sjálfsagt og eðlilegt, — verk, sem allt af hefur verið unnið í allri sögu verkalýðshreyfingarinnar, hve nær sem átt hefur að nota her í verkföllum.“

„Í öðru lagi, þá er framkvæmd þessa verks frá þjóðlegu sjónarmiði séð lofsverð framkvæmd, er síðar meir mun verða þannig viðurkennd, þegar fargi brezka innrásarhersins er af oss létt og íslensk blóð hætta að túlka brezkan yfirstéttamálstað og hræðast og fyrirlíta þann íslenska.“

„Frá þjóðernis- og stéttarlegu sjónarmiði íslenzkra alþýðustétta verður því verk þetta skoðað sem hin virðingarverðasta viðleitni til skipulagningar í frelsisbáttu vorri, — því virðingarverðari vottur um frelsisást og hugrekki sem ríkustu og voldugustu menn þjóðarinnar á sama tíma ýmist lágu hundflatir við fætur innrásarherstjórnarinnar eða í þeinu bandalagi við það auðvald, er hún lýtur.“

„Þá er næst aðathuga, hvort hægt sé að finna nokkra þá laga-grein, sem hægt er að hengja menn á fyrir góð og þjóðleg verk.“

„Og þá kemur hitt málið: Reynir ríkisstjórnin „ástandsins“ vegna — eða jafnvel af einkaástandum — að fá höfundinn dæmdan fyrir verk, sem er þveröfugt við að vera afbrot — og eftir laga-grein, sem hann alls ekki hefur brotið.“

Í köflum þessum er greinilega fallizt á útgáfu miðans.

Auk þessara tilvitnuðu kafla er í öðrum hlutum greinarinnar ótvírætt og greinilega fallizt á útgáfu dreifibréfsins, þó að það sé einnig gefið í skyn, að höfundur þess hafi orðið skyssa á í verki sínu.

Í öðrum tölublöðum Þjóðviljans, sem lögð hafa verið fram í málinu, er á ýmsan hátt leitazt við að réttlæta og verja útgáfu dreifimiðans. T. d. er því haldið fram, að efni hans sé alls ekki saknæmt frá íslenzku sjónarmiði, en eigi þykir ástæða til að rekja efni þessara skrifa nánar.

Með því þannig opinberlega í blaði því, er þeir stýra, og greini-

lega fallast á útgáfu dreifimiðans, sem samkvæmt framansögðu varðar við 88. gr. hegningarlaganna, hafa hinir ákærðu ritstjórar brotið gegn 2. mgr. 121. gr. hegningarlaganna.

Ákærðu Haraldur Bjarnason, Helgi Guðlaugsson, Guðbrandur Guðmundsson og Guðmundur Björnsson vissu ekki, svo sannað sé, um þau atriði dreifimiðans, er sagnæm teljast, þegar þeir störfuðu að honum, og ber því að sýkna þá af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Atferli ákærðu Eggerts Halldórs Þorbjarnarsonar, Hallgrims Balda Hallgrímssonar, Eðvarðs Kristins Sigurðssonar og Ásgeirs Péturssonar, sem áður er lýst, varðar við 88. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing Eggerts Halldórs Þorbjarnarsonar, sem verið hefur í gæzluvarðhaldi síðan 11. f. m., hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði, refsing ákærða Hallgrims Balda Hallgrímssonar, sem verið hefur í gæzluvarðhaldi síðan 15. f. m., fangelsi í 18 mánuði, refsing ákærða Eðvarðs Kristins Sigurðssonar, sem verið hefur í gæzluvarðhaldi síðan 11. f. m., fangelsi í 4 mánuði, og refsing ákærða Ásgeirs Péturssonar, sem verið hefur í gæzluvarðhaldi síðan 13. f. m., fangelsi í 4 mánuði, en samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald þeirra eftir 18. f. m. skuli með fullri dagatölu koma til frádráttar hinna ídæmdu refsinga. Þá ber samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna að svipta þessa menn kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annara almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Refsing hvors hinna ákærðu Einars Baldvins Olgeirssonar og Sigfúsar A. Sigurhjartarsonar þykir hæfilega ákveðin varðhald í 3 mánuði.

Ákærðu Eggert Halldór Þorbjarnarson, Hallgrímur Baldi Hallgrímsson, Eðvarð Kristinn Sigurðsson, Ásgeir Pétursson, Einar Baldvin Olgeirsson og Sigfús Annes Sigurhjartarson greiði allir in solidum $\frac{1}{4}$ alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hinna ákærðu, hdm. Egils Sigurgeirssonar, er ákveðast kr. 200.00, en hina $\frac{3}{4}$ kostnaðarins greiði þeir Eggert Halldór Þorbjarnarson og Hallgrímur Baldi Hallgrímsson in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu Haraldur Bjarnason, Helgi Guðlaugsson, Guðbrandur Guðmundsson og Guðmundur Björnsson skulu vera sýknir af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Ákærðu Eggert Halldór Þorbjarnarson, Hallgrímur Baldi Hallgrímsson, Eðvarð Kristinn Sigurðsson og Ásgeir Pétursson sæti fangelsi, Eggert Halldór í 18 mánuði, Hallgrímur Baldi í 18 mánuði, Eðvarð Kristinn í 4 mánuði og Ásgeir í 4 mánuði,

en gæzluvarðhald þeirra, eftir 18. f. m., komi með fullri dagatölu til frádráttar hinum ídæmdu refsingum. Þeir skulu og sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annara almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu Einar Baldvin Olgeirsson og Sigfús Annes Sigurhjartarson sæti hvor um sig varðhaldi í 3 mánuði.

Ákærðu Eggert Halldór Þorbjarnarson, Hallgrímur Baldi Hallgrímsson, Eðvarð Kristinn Sigurðsson, Ásgeir Pétursson, Einar Baldvin Olgeirsson og Sigfús Annes Sigurhjartarson greiði allir in solidum $\frac{1}{4}$ alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hér fyrir réttinum, hdm. Egils Sigurgeirssonar, kr. 200.00, en hina $\frac{3}{4}$ sakarkostnaðar greiði þeir Eggert Halldór og Hallgrímur Baldi in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. marz 1941.

Nr. 3/1941. **Loðdýraræktarfélag Kjósarhrepps**

(Pétur Magnússon)

gegn

Brynjólfi Guðmundssyni

(Gunnar Þorsteinsson).

Krafa um endurgreiðslu stofnfjár í loðdýraræktarfélagi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. janúar þ. á., krefst algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Félagsfundurinn 18. marz 1940 hafði að visu ekki samkvæmt 3. gr. samþykktá félagsins heimild til að vikja stefnda úr félaginu, en með því að andæfa ekki brottvikningunni og með málshöfðun þessari hefur hann komið þannig fram, að jafna má til úrsagnar úr félaginu. Af því leiðir þegar, að hann getur ekki samkvæmt 13. og 14. gr. samþykktanna, sem tryggir lánardrottnum félagsins stofnféð, fengið stofnfé